



Öryrkjabandalag Íslands

Viðhorfskönnun meðal almennings

September - október 2016

Skýrsla þessi og innihald hennar er eingöngu til innanhússnota hjá því fyrirtæki, stofnun eða einstaklingi sem hana keypti. Öll opinber birting eða dreifing er óheimil án skriflegs leyfis Gallup. Starfsemi Gallup er með ISO 9001 gæðavottun. Auk þess er Gallup aðili að ESOMAR og WIN.
Allur réttur áskilinn: © Gallup.



Framkvæmdalýsing

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir

Markmið

Framkvæmdatími

Aðferð

Úrtak

Verknúmer

Öryrkjabandalag Íslands

Að mæla viðhorf almennings til framfærslu, akstursþjónustu sveitarfélaga, NPA og gjaldfrjálsrar heilbrigðisþjónustu

29. september - 7. október 2016

Netkönnun

1418 manns af öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup

4026413

Stærð úrtaks og svörun

Úrtak

1418

Svara ekki

602

Fjöldi svarenda

816



Þátttökuhlutfall

57,5%

Sp. 1. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Einstaklingstekjur upp á 296 þúsund krónur eftir skatt myndu nægja mér til framfærslu í hverjum mánuði.



	Fjöldi	%	+/-
Fullkomlega sammála (7)	49	6,1	1,7
Mjög sammála (6)	69	8,7	2,0
Frekar sammála (5)	146	18,3	2,7
Hvorki né (4)	58	7,2	1,8
Frekar ósammála (3)	153	19,1	2,7
Mjög ósammála (2)	121	15,2	2,5
Fullkomlega ósammála (1)	203	25,4	3,0
Sammála	264	33,1	3,3
Hvorki né	58	7,2	1,8
Ósammála	477	59,7	3,4
Fjöldi svara	799	100,0	
Tóku afstöðu	799	98,0	
Tóku ekki afstöðu	17	2,0	
Fjöldi svarenda	816	100,0	
Meðaltal (1-7)	3,3		
Vikmörk ±	0,1		

Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu:
 [Fullkomlega sammála (fj. x 7) + mjög sammála (fj. x 6) + frekar sammála (fj. x 5) + hvorki né (fj. x 4) + frekar ósammála (fj. x 3) + mjög ósammála (fj. x 2) + fullkomlega ósammála (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara.
 Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 1 til 7.



Sp. 2. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að umbuna eigi fyrirtækjum og stofnunum sem ráða til starfa fólk með skerta starfsgetu?



	Fjöldi	%	+/-
Alfarið hlynnt(ur) (7)	183	23,2	2,9
Mjög hlynnt(ur) (6)	195	24,7	3,0
Frekar hlynnt(ur) (5)	244	30,9	3,2
Hvorki né (4)	135	17,1	2,6
Frekar andvíg(ur) (3)	22	2,7	1,1
Mjög andvíg(ur) (2)	3	0,4	0,4
Alfarið andvíg(ur) (1)	8	1,0	0,7
Hlynnt(ur)	622	78,7	2,9
Hvorki né	135	17,1	2,6
Andvíg(ur)	33	4,1	1,4
Fjöldi svara	790	100,0	
Tóku afstöðu	790	96,8	
Tóku ekki afstöðu	26	3,2	
Fjöldi svarenda	816	100,0	
Meðaltal (1-7)	5,4		
Vikmörk ±	0,1		



Sp. 3. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að tryggja skuli með lögum að sveitarfélögum sé skylt að veita fötluðu fólki, óháð aldri, akstursþjónustu svo að það geti farið allra sinna ferða?

	Fjöldi	%	+/-
Alfarið hlynnt(ur) (7)	289	37,5	3,4
Mjög hlynnt(ur) (6)	211	27,4	3,1
Frekar hlynnt(ur) (5)	167	21,7	2,9
Hvorki né (4)	73	9,4	2,1
Frekar andvíg(ur) (3)	17	2,2	1,0
Mjög andvíg(ur) (2)	6	0,7	0,6
Alfarið andvíg(ur) (1)	8	1,0	0,7
Hlynnt(ur)	668	86,6	2,4
Hvorki né	73	9,4	2,1
Andvíg(ur)	31	4,0	1,4
Fjöldi svara	771	100,0	
Tóku afstöðu	771	94,5	
Tóku ekki afstöðu	45	5,5	
Fjöldi svarenda	816	100,0	
Meðaltal (1-7)	5,8		
Vikmörk ±	0,1		

Um helmingur svarenda fékk þessa spurningu á undan spurningu 4 og um helmingur fékk þessa spurningu á eftir spurningu 4.





Sp. 4. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að tryggja skuli með lögum rétt fatlaðs fólks til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA)?

	Fjöldi	%	+/-
Alfarið hlynnt(ur) (7)	245	33,0	3,4
Mjög hlynnt(ur) (6)	185	24,8	3,1
Frekar hlynnt(ur) (5)	173	23,3	3,0
Hvorki né (4)	110	14,8	2,6
Frekar andvíg(ur) (3)	19	2,5	1,1
Mjög andvíg(ur) (2)	2	0,3	0,4
Alfarið andvíg(ur) (1)	10	1,4	0,8
Hlynnt(ur)	604	81,1	2,8
Hvorki né	110	14,8	2,6
Andvíg(ur)	31	4,1	1,4
Fjöldi svara	745	100,0	
Tóku afstöðu	745	91,3	
Tóku ekki afstöðu	71	8,7	
Fjöldi svarenda	816	100,0	
Meðaltal (1-7)	5,6		
Vikmörk ±	0,1		

Eftirfarandi formáli var á þessari spurningu:



Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er þjónustuform sem gerir fótluðu fólki kleift að ráða hvar og með hverjum það býr. Fatlað fólk stýrir því hvernig aðstoðin er skipulögð, hvenær og hvar hún fer fram og hver veitir hana.

Um helmingur svarenda fékk þessa spurningu á eftir spurningu 3 og um helmingur fékk þessa spurningu á undan spurningu 3.



Sp. 5. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að sú heilbrigðisþjónusta sem ríkið niðurgreiðir í dag, s.s. þjónusta heilsugæslu, sjúkrahúsa, sérfræðilækna og læknisfræðilegar rannsóknir, verði gjaldfrjáls?

	Fjöldi	%	+/-
Alfarið hlynnt(ur) (7)	283	36,6	3,4
Mjög hlynnt(ur) (6)	183	23,7	3,0
Frekar hlynnt(ur) (5)	129	16,7	2,6
Hvorki né (4)	70	9,1	2,0
Frekar andvíg(ur) (3)	63	8,2	1,9
Mjög andvíg(ur) (2)	23	3,0	1,2
Alfarið andvíg(ur) (1)	20	2,6	1,1
Hlynnt(ur)	595	77,1	3,0
Hvorki né	70	9,1	2,0
Andvíg(ur)	107	13,8	2,4
Fjöldi svara	772	100,0	
Tóku afstöðu	772	94,6	
Tóku ekki afstöðu	44	5,4	
Fjöldi svarenda	816	100,0	
Meðaltal (1-7)	5,5		
Vikmörk ±	0,1		



Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög hlynnt(ur) (5)	217	27,6	3,1
Frekar hlynnt(ur) (4)	356	45,3	3,5
Hvorki né (3)	133	16,9	2,6
Frekar andvíg(ur) (2)	61	7,8	1,9
Mjög andvíg(ur) (1)	19	2,4	1,1
Hlynnt(ur)	72,9		3,1
Hvorki né	16,9		2,6
Andvíg(ur)	10,2		2,1
Fjöldi svara	786	100,0	
Tóku afstöðu	786	69,2	
Tóku ekki afstöðu	350	30,8	
Fjöldi aðspurðra	1.136	100,0	
Spurðir	1.136	95,8	
Ekki spurðir	50	4,2	
Fjöldi svarenda	1.186	100,0	
Meðaltal (1-5)	3,9		
Vikmörk ±	0,1		

Í **tíðnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 28% þátttakenda eru mjög hlynnt því sem spurt var um og ríflega 45% frekar hlynnt. Ef teknir eru saman þeir sem segjast frekar og mjög hlynntir má sjá að í heildina eru tæplega 73% hlynnt málefnum. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 30,8%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlur: [Mjög hlynnt(ur) (fj. x 5) + frekar hlynnt(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar andvíg(ur) (fj. x 2) + mjög andvíg(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.

Vikmörk (sjá +/- dálk í tíðnitöflu)


Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggja innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýðinu spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) verið mjög hlynnt málefnum. Einnig má nota vikmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef vikmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar séu frekar hlynntir málefnum en mjög hlynntir því.

Greiningar og marktækt

Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 29% karla eru mjög hlynntir málefnum á móti 26% kvenna. Í greiningum er jafnframt sýnt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjómumerktur, eins og í tilfelli aldurs spurningarinnar í greiningunni hér fyrir neðan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl litadár dökkgrár til áherslu.

Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir neðan má sjá að eftir því sem fólk eldist er það hlynntara málefnum og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir aldurshópum á sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar).

Langst til hægri á myndinni hér fyrir neðan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal karla hefur lækkað um 0,3 stig frá síðustu mælingu (er nú 3,9 og var síðast 3,6). Stjórnumerkingin við súluna vísar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að karlmenn séu nú að jafnaði hlynntari málefnum en þeir voru í síðustu mælingu.



Vigtun

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegli þýði með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll og meðaltöl miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið á samanlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tíðnitöflum.

Hlutfall svarenda fyrir vigtun:

Kyn:

Karlar	54,3%
Konur	45,7%

Aldur:

18-24 ára	6,1%
25-34 ára	13,5%
35-44 ára	16,5%
45-54 ára	18,6%
55-64 ára	19,6%
65 ára eða eldri	25,6%

Búseta:

Höfuðborgarsvæðið	67,3%
Landsbyggðin	32,7%

Hlutfall svarenda eftir vigtun:

Kyn:

Karlar	49,9%
Konur	50,1%

Aldur:

18-24 ára	13,1%
25-34 ára	17,1%
35-44 ára	16,9%
45-54 ára	17,0%
55-64 ára	16,3%
65 ára eða eldri	19,5%

Búseta:

Höfuðborgarsvæðið	64,4%
Landsbyggðin	35,6%

Að lokum

Reykjavík, 7. október 2016

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Jóna Karen Sverrisdóttir
Sigríður Herdís Bjarkadóttir